



## Upplýsingar til foreldra af erlendum uppruna

Barnið þitt er boðið velkomið í Flúðaskóla.

Við leggjum áherslu á að taka vel á móti nýjum nemendum og haga skólastarfi í samræmi við þarfir hvers og eins svo hæfileikar allra fái notið sín sem best.

### Starfsemi grunnskóla á Íslandi

Hlutverk grunnskólans er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellndri þróun.

Á Íslandi eru öll börn skólaskyld frá 6 - 16 ára aldurs og er starfsemi grunnskólans á hendi sveitarfélaganna.

Skólaárið á Íslandi er 180 dagar á ári, frá ágústlokum og fram í júníbyrjun.

Skólar gefa út skóladagatal þar sem fram koma upplýsingar um leyfisdaga og skólaviðburði.

Þegar barn byrjar í skóla á Íslandi þarf það að hafa fengið kennitölu. Upplýsingar um fyrri skólagöngu, heilbrigðisvottorð og bóluasetningarvottorð þurfa að fylgja umsókn um skólavist.

Áður en skólaganga hefst mæta foreldrar ásamt nemanda í móttökuviðtal í skólann. Þar hitta þeir skólastjóra og umsjónarkennara þar sem farið er yfir helstu atriði er snerta skólagöngu barnsins.

Í september ár hvert eru haldin samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk. 4. og 7. bekkingar þreyta próf í íslensku og stærðfræði, 10. bekkingar í íslensku, stærðfræði og ensku. Hægt er að sækja um undanþágu fyrir börn sem dvalið hafa stuttan tíma á Íslandi.

### Flúðaskóli

Einkunnarorð skólans eru „virðing – vitneskja“ og leggur starfsfólk skólans metnað sinn í að framfylgja þeim.

Flúðaskóli leggur áherslu á útikennslu og er með útikennslustofu í grenndarskógi, þar er skýli og eldstæði. Einnig er skólinn þátttakandi í verkefni Heilsueflandi grunnskóli.

Skólinn notar mentor.is, sem er öflugt upplýsingatæki og auðveldar forráðamönnum að fylgjast með námi barna sinna.

Í Flúðaskóla er lögð áhersla á vellíðan og öryggi nemenda og að engum sé mismunað vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Lögð er áhersla á að nemendur sýni frumkvæði, sjálfstæði og sjálfsga.

Öll börn hafa umsjónarkennara sem fylgist með velferð þeirra og miðlar upplýsingum til foreldra.

Foreldrar snúa sér fyrst til hans um hvað eina sem snertir skólagöngu barnsins. Einnig má leita til stjórnenda Flúðaskóla.

Skólinn útvegar túlk ef á þarf að halda.

Lestrarskimanir eru framkvæmdar í 3., 5. og 9. bekk.

Allir nemendur skólans fá hádegismat fjóra daga vikunnar, sem greitt er fyrir sérstaklega.

Nemendur í 1. – 7. bekk geta fengið mjólk og ávexti í morgun- og síðdegishressingu séu þeir í áskrift. Nemendur í 8. – 10. bekk geta verslað sér morgunhressingu í verslun 10. bekkinga eða keypt sér miða fyrir ávexti eða grænmeti.

Yngri nemendum (1. – 4. bekkingum) stendur til boða að vera í skólaseli eftir að kennslu lýkur mánudaga til fimmtudaga. Foreldrar greiða fyrir þá þjónustu.

### Hvert er hlutverk foreldra?

Til að tryggja barninu farsæla aðlögun í nýju landi þurfa foreldrar og skóli að vinna náið saman.

Foreldrafélög starfa í öllum grunnskólum og bekkjarfulltrúar eru kosnir úr hópi foreldra. Foreldrar barna af erlendum uppruna eru hvattir til að vera virkir í foreldrastarfinu.

Forráðamönnum er velkomið að heimsækja skólann og fylgjast með starfi barna sinna, en nauðsynlegt er að hafa samráð um slíkar heimsóknir við skólastjóra eða viðkomandi kennara.

Ábyrgð forráðamanna á skólagöngu barna sinna er mikil. Það er skylda þeirra að:

- Sjá til þess að börnin mæti í skóla/skólabíl á réttum tíma
- Sjá til þess að börnin hafi ætíð með sér þann búnað sem námið krefst
- styðja við og fylgjast með námi barna sinna
- láta kennara vita ef barni í skólanum er sýnd áreitni eða því líður illa
- tala af háttvísi við börnin um skólann og starfsfólk hans.

Góð samvinna skóla og heimilis er mjög mikilvæg.

Fái barn jákvætt viðhorf í veginesti að heiman er líklegra að því líði vel í skólanum og gangi vel í námi.

### Þjónustuaðilar Flúðaskóla

*Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings*; þar starfa kennsluráðgjafar, talmeinafræðingur, sálfræðingar og félagsráðgjafar sem skólinn getur leitað til varðandi greiningar og ráðgjöf.

*Heilsugæslan í Laugarási*; þar starfa lækna og hjúkrunarfræðingar.

Skólahjúkrunarfræðingur á vegum Heilsugæslustöðvarinnar kemur í skólann einu sinni í viku og er þá til viðtals ásamt því að veita nemendum og foreldrum ráðgjöf.